Kmhöfn 17 Nov. 60.

Besti vin!

Eg þakka þér ofalúð þitt síðasta bréf, og gladdi mig að hagr þinna fer nú batnandi, en hitt er að vonum að það gangi seint, helst þar sem gamlir menn eiga hlut að máli; faðir þinn hefir að þessu 2 kipti gjört betr en margir ungir menniernir, að standast svo þunga og langa legu, því ellin kippir þó flestum á kné og er þung við að etja, þó hún sé ein síns liðs: Eg heyri á bréfi þínu, að kona þín er enn ekki fullbata, en hún á þar góðan hauk í horni; þar sem oskarr er, svo hún má fyrir engan mun verða seinni en sjötugr maðr. Að jólum vona eg að allt verði batt að jólum, og þér getið þá haldið Freysblót kilaus og heilsu, því sól og sumar hefir þú að þessu sinni ekki séð líkt og Winkler okkar á Ísl. í hitt ið fyrra. Það er að vonum þó þetta sumar hafi hált þér, og kalla vel gjört,